

Markmið verkefnis Aldísar Ernu er að rannsaka áhrif landnotkunar á vaðfuglastofna, þá helst vegna landnotkunar sumarbústaða og skógræktar en hraðar breytingar hafa orðið á þessum gerðum landnotkunar undanfarin ár. Á Íslandi eru mjög stórir vaðfuglastofnar sem þrífast á víðáttumiklum bersvæðum og bera Íslendingar alþjóðlega ábyrgð á sumum þessara stofna. Ísland er aðili að ýmsum alþjóðlegum samningum um verndun dýra og plantna t.d. samning um líffræðilega fjölbreytni sem Íslendingar gerðust aðilar að árið 1994. Samkvæmt honum ber Íslendingum að vernda líffræðilega fjölbreytni og tryggja sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda. Mikilvægt er að rannsaka hvaða áhrif ýmis konar uppbygging hefur á fuglastofna til að hægt sé að móta framtíðaráform um uppbyggingu þannig að hún hafi sem minnst áhrif á varp þessara fuglategunda. Út frá niðurstöðum þessarar rannsóknar er mögulegt að gefa út ráðleggingar um hvernig megi standa að uppbyggingu sumarbústaðalanda og skógræktar þannig að þau hafi sem minnst áhrif á líffræðilega fjölbreytni á svæðinu. Suðurland er mikilvægt svæði þegar kemur að fuglalífi Íslands t.d. er Suðurlandsundirlendið heppilegur varpstaður fyrir ýmsa vaðfugla svo sem jaðrakan, tjald og spóa. Því er mikilvægt að varðveita líffræðilega fjölbreytni á þessum svæðum. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í ferðaþjónustu tengdri náttúru Íslands og dýrum sem hér dvelja s.s. hvalaskoðun og fuglaskoðun. Æ algengara er að fólk komi hingað til lands til að skoða fugla enda er hér að finna einstaka tegundir sem koma frá Ameríku og er ekki að finna annars staðar í Evrópu. Nú þegar hefur Suðurland fest sig í sessi sem einn merkasti fuglaskoðunarstaður landsins. Má þar nefna Friðland í Flóa sem er einn vinsælasti fuglaskoðunarstaður landsins auk Víkur í Mýrdal, Stokkseyri, Dyrhólaey og Vestmannaeyja.

Markmið verkefnis Anítu og Ingibjargar er að efla heilsu og velferð eldri aldurshópa í sveitarfélögum með markvissri íhlutun í formi daglegrar hreyfingar. Áhersla verður lögð á daglega þolþjálfun, styrktarþjálfun auk fræðslu um næringu og aðra heilsutengda þætti. Jafnframt er markmiðið að kanna afkastagetu, daglega hreyfingu og hreyfifærni eldri aldurshópa í sveitarfélögunum Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra. Þá er einnig markmið verkefnis að finna leið til að fá eldri einstaklinga til að sinni eigin heilsurækt yfir lengri tíma með reglulegri ástundum í að minnsta kosti þrjú ár. Vísindalegur ávinningur er bæði þekkingarlegs eðlis en einnig hagnýtur. Vegna langrar

íhlutunar á hreyfingu, þoli og styrk, auk ráðgjafar um næringu og heilsutengda þætt fyrir þennan aldurshóp verður áhugavert að sjá niðurstöður mælinga yfir þriggja ára tímabil. Þá hefur íhlutun af þessum toga ekki verið framkvæmd áður hér á landi svo best sé vitað. Ef til vill fæst svar við þeirri spurningu hvernig sé æskilegt að íhluta hreyfingu í sveitarfélögum svo langan tíma þannig að hún skili árangri á sviði lýðheilsufræðilegra þátta í öðrum sveitarfélögum. Hér er meðal annars átt við að bæta og viðhalda líkamlegri afkastagetu og auka eða viðhalda heilsutengd lífsgæði eldri aldurshópa. Það er von þeirra sem að verkefninu standa að ávinningurinn geti einnig orðið sá að heilsugæslukostnaður hins opinbera og sveitarfélaga minnki, að hinir eldri geti dvalið lengur í sjálfstæðri búsetu og tekist á við athafnir daglegs lífs lengur með þátttöku í fjölþætta heilsurækt. Þá nýti viðkomandi aðilar síður (eða síðar) dvalar- og hjúkrunarheimili.